

Snjallar fyrirmyndir

Hvað er svona merkilegt við það að vera fullorðinn?

Fyrirkomulag

1. Kennari sýnir nemendum glærupakka þar sem markmið, tilgangur og fyrirkomulag verkefnis er kynnt.
2. Kennari útnefni 5 borðstjóra, fer eftir stærð bekkjarins. Þessir nemendur eru á sömu borðunum allan tímann.
3. Kennari útskýrir verkefni borðstjórans og fer lauslega yfir efnin á borðunum.
4. Nemendur draga sér miða þar sem fram kemur í hvaða röð þeir fara á milli borða og setjast á fyrsta borðið.
5. Umræður hefjast.
 - a. Gefa þarf u.þ.b. 8 mínútur á borð, 2-3 mínútur á hverja spurningu.
 - b. Kennari gefur tímann upp reglulega.
 - c. Borðstjóri reynir að skrifa a.m.k. eina setningu frá hverjum hópi á samantektarblað.
 - d. Eftir 8 mínútur standa allir upp og færa sig á næsta borð á miðanum. Flestir nemendur fara í alveg nýja hópa.
6. Þetta er endurtekið 5 sinnum.
7. Umræðum lýkur þegar allir hafa farið á milli borða.
8. Borðstjórar skila umræðuniðurstöðum til kennara sem skilar þeim til deildarstjóra
9. Deildarstjóri tekur niðurstöðurnar saman í frétt á vef skólans og reynir að vekja athygli fullorðinna á niðurstöðunum.
10. Nemendur / kennarar sem hafa áhuga á að vinna frekar með niðurstöðurnar geta nálgast þær á sameign.

Borð 1 – Það er alltaf að skamma mann....

- Fullorðið fólk gerir athugasemdir við það að þú sért of mikið í símanum. Hvað er það fyrsta sem þú hugsar?
- Um hvað snúast athugasemdir fullorðna fólksins?
- Hvernig bregst þú við?

Borð 2 – Þykjast vita allt...

- Hversu mikið heldur þú að fullorðna fólkíð viti um það sem þú ert að gera í símanum?
- Hvað af því sem þú gerir símanum má fullorðna fólkíð alls ekki vita um?
- Er miklvægt að eiga leyndarmál í símanum?

Borð 3 – Þó maður geri ekki neitt...

- Af hverju er fullorðna fólkíð alltaf að skipta sér af? Hvað halda þau að geti gerst?
- Eru þessar áhyggjur alveg óþarfar?
- Hvað er það versta sem getur gerst í samskiptum á netinu?

Borð 4 – Snjallar fyrirmyndir...

- Stundum fær maður að heyra að „þetta geti bara ekki verið svona mikilvægt“ þegar maður á að hætta í símanum. Er það rétt? Geturðu nefnt dæmi um eitthvað sem er svo mikilvægt að það geti ekki beðið?
- Hvernig fyrirmyndir eru fullorðna fólkíð í kringum þig í símanotkun?
- Hvað þirrar þig mest í símanotkun hjá fullorðnu fólkí?

Borð 5 – Já en...

- Af hverju notum við símann svona mikið?
- Hvað er of mikil símanotkun?
- Hvað myndir þú vilja ræða við fullorðna um snjallsímanotkun?